

Nr. 1105

21. nóvember 2008

AUGLÝSING um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskóga-byggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Skálabrekku, Skálabrekkugata 1a og 3.

Í breytingunni felst að lóðir nr. 1a og 3 við Skálabrekkugötu verði skilgreindar sem landbúnaðarlóðir í stað frístundalóða. Þegar hafa verið reist hús á lóðunum og verða þau nú skilgreind sem íbúðarhús í stað frístundahúsa. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að reisa 200 m² skemmu á hvorri lóð auk þess sem byggingarreitur og aðkomu að lóð 1a breytist frá því sem nú er.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. október 2008.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlutið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 21. nóvember 2008.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 8. desember 2008